

Nd.

272. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Til fundar við nefndina kom framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og veitti ýmsar upplýsingar. Við meðferð málsins hefur félagsmálaráðherra lýst yfir að einstökum sveitarfélögum, sem kynnu að bíða fjárhagslegt tjón af ákvæðum þessara lagabreytinga, verði veitt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að fengnum tillögum stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin leggur áherslu á að reglur um úthlutun aukaframlaga úr Jöfnunarsjóði verði endurskoðaðar á yfirstandandi þingi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við frv. bætist ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Alþingi, 19. des. 1975.

Gunnlaugur Finnsson,
form., frsm.

Ellert B. Schram,
fundaskr.

Ólafur G. Einarsson.

Stefán Valgeirsson,
með fyrirvara.